

FUNDARGERÐ

119. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 3. febrúar 2009 kl. 12⁰⁰–14¹⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS)
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) Ögmundur Einarsson (ÖE)
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Már Karlsson (MK), fundarritari.
Fjarverandi: Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (118. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum..

2. Fjárlagatillögur 2010

Lögð var fram fjárlagatillaga 2010 Í tillögunni er gert ráð fyrir töluverðri hækkun úrvinnslugjalds í nokkrum launaflokkum. Áætlaðar tekjur 2010 eru 610 mkr. og hækka um ca. 20% frá 2009.

Stjórnin samþykkir áætlunina.

3. Nýting hjólbarðakurla á urðunarstað

Sorpa bauð út, til tveggja aðila, móttöku á hjólbarðakurli sem nota á sem drenlag í Álfnesi. Tilboð barst í hluta af magni sem óskað var eftir. Það gerir ráð fyrir að greiðsla Úrvinnslusjóðs hækki.

Stjórnin felur framkvæmdastjóra að vinna tillögu að hækkuðu einingargjaldi fyrir endurnýtingu hjólbarðaúrgangs á urðunarstað og samþykkir jafnframt að gjald fyrir endurvinnslu hjólbarða verði hið sama.

4. Stefnumótun Úrvinnslusjóðs

Rætt um endurskoðun á stefnu og markmiðum sjóðsins.

Ákveðið að stjórn haldi stefnumótunarfund kl. 15:00 fimmtudaginn 26. þ.m.

5. Endurgjald fyrir endurvinnslu á pappa og plasti

Einingargjald Úrvinnslusjóðs fyrir pappa var hækkað tímabundið í lok síðasta árs vegna markaðsaðstæðna.

Samþykkt að halda einingargjaldi óbreyttu (22 kr./kg) þennan ársfjórðung. Gjaldið verði síðan endurskoðað ársfjórðungslega.

6. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur áformaður [þriðjudaginn 24. feb. kl. 12:00](#) á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs